



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 4. júní 2015

Ákvörðun nr. 15/2015

Kaup S38 slhf. á hlut í Íslandshótelum hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 22. apríl sl. þar sem tilkynnt var um fjárfestingu S38 slhf. (hér eftir S38) í Íslandshótelum hf. (hér eftir Íslandshótel). Að mati samrunaaðila er um tilkynningaskyldan samruna að ræða þar sem viðskiptin muni leiða til breytinga á yferráðum á þann hátt að til sameiginlegra yferráða stofnast yfir Íslandshótelum, þ.e. annars vegar af hálfu Virðingar hf. (hér eftir Virðing) og ALM verðbréfa hf. (hér eftir ALM) og hins vegar af hálfu ÓDT ráðgjafar ehf. (hér eftir ÓDT). Til þessara sameiginlegu yferráða stofnast á grundvelli hluthafasamkomulags og eru aðilar að hluthafasamkomulaginu S38 og ÓDT hins vegar. Í samrunaskrá kemur fram að S38 sé undir yferráðum félaga sem Virðing og ALM hafa yferráð yfir í samkeppnisréttarlegum skilningi. ÓDT, sem er í einkaeigu, átti áður svo til allt hlutafé í Íslandshótelum.

Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi dags. 29. apríl sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samtöl við samrunaaðila, kynnt sér framlögð gögn þeirra ásamt opinberum gögnum er varpa ljósi á helstu atriði málsins.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Samkeppniseftirlitið fellst á að viðskiptin feli í sér tilkynningarskyldan samruna.

Í samrunaskrá segir að S38 komi til með að eignast um 13% hlut í Íslandshótelum, annað hlutafé er undir yferráðum ÓDT að undanskildum eigin hlutum sem eru tæp 10%. ÓDT er eignarhaldsfélag í einkaeigu og að sögn samrunaaðila eru ekki önnur fyrirtæki undir sömu yferráðum sem hafa starfsemi á sama markaði. Samhliða þessu öðlast S38 rétt til þess að kaupa frekari hluti í Íslandshótelum á grundvelli áskriftarsamnings sem veitir fyrirtækinu rétt, en ekki skyldu, til þess að auka hlut sinn í allt að 20%.



S38 er félag sem stofnað var í tengslum við fjárfestingu í Íslandshótelum, hluthafar þess eru fagfjárfestasjóðirnir Edda slhf. og Kjölfesta slhf., en daglegur rekstur og skipan stjórnar félaganna er í höndum starfsmanna Virðingar og ALM. Hluthafar þessa fagfjárfestasjóða eru umsvifamiklir fagfjárfestar, aðallega lífeyrissjóðir, sem eiga hagsmuni víðar í atvinnulífinu. Ekki er þó tilefni í máli þessu til þess að taka sérstaklega afstöðu til annarra umsvifa fjárfestanna á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar enda leiðir umræddur samruni ekki til þess að markaðsráðandi staða sé að myndast eða slík staða að styrkjast.

III.

Niðurstaða

Í samrunaskrá segir að Íslandshótel reki fimmtán hótél á Íslandi þ. á m. Grand Hótel Reykjavík, Hótel Reykjavík Centrum og Best Western Hótel í Reykjavík auk Fosshótela sem staðsett eru víðsvegar á landsbyggðinni. Í sumar verða rúmlega 1400 herbergi á vegum samstæðunnar og starfsmenn verða um 800 þegar mest lætur. Telja samrunaaðilar samrunann ekki hafa nokkur skaðleg áhrif á samkeppni enda verði markaðshlutdeild samrunaaðila óbreytt í kjölfar samrunans, hvorki er um að ræða lárétta né lóðrétta skörun á milli starfsemi samrunaaðila. Þá segir að samrunaaðilar eigi ekki hluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvors annars. Af því leiði að möguleg neikvæð samkeppnisleg áhrif samrunans séu ekki til staðar.

Samrunaaðilar segja hótélrekstur veigamesta þáttinn í starfsemi Íslandshótela og á öðrum mörkuðum sem félagið starfar á sé markaðshlutdeild þess óveruleg. Segja þeir samkeppnisaðila á þessum markaði fjölmarga, í því sambandi nefna þeir: Icelandair hotels, Center hótél, Keahótel, Hótel Klett, Hótel Cabin, Hótel Örk, Radisson Blu Saga, Hótel Ísland, Radison Blu 1919 og Hótel Frón.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til ítarlegrar markaðsskilgreiningar á þeim mörkuðum sem önnur fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila starfa á enda er ekki um að ræða samþjöppun á nokkrum þeirra.

Líkt og samrunaaðilar benda á hafa þó nokkrir öflugir aðilar með höndum hótélrekstur og ætla má að fjöldi hótélherberja sé á fjórða þúsund á höfuðborgarsvæðinu einu.¹ Einungis eitt fyrirtæki, undir yferráðum samrunaaðila er í hótélrekstri en í samrunaskrá segir að um sé að ræða útleigu á hluta herbergja sjúkrahótelsins í Ármúla (gamla Hótel Ísland) og er markaðshlutdeild þess aðila óveruleg.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samrunann eða sett honum skilyrði.

Að undangeninni rannsókn, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Samruninn kemur ekki til með að hafa áhrif til samþjöppunar á nokkrum markaði. Að öllu

¹ Sjá skýrslu Íslandsbanka *Íslensk ferðaþjónusta* frá því í mars 2015, sótt á vef Íslandsbanka 4. maí 2015.



framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna kaupa S38 slhf. á hlut í Íslandshótelum hf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson